

Foreldrahandbók Waldorfskólans Sólstafa

Efnisyfirlit

Velkomin í Waldorfskólann Sólstafi	3
Áherslur skólans og markmið	3
Waldorfskólastefnan	4
Heiðir og venjur Waldorfskólans Sólstafa	5
Hagnýtar upplýsingar	6
Skólabragur	7
Skólasókn	7
Skóladagatal	7
Samskipti heimilis og skóla	8
Skólareglur og viðurlög	8
Skjámenning	8
Snjalltæki og símar	9
Móttökuáætlun nýrrra nemenda	9
Kennsluáætlanir, námsmat og lokamat	9
Bekkjarstarf	10
Samkennsla	11
Útinám	11
Grænmetiseldhús skólans	12
Frímínútur	12
Sund, leikir og íþróttir	13
Námsgögn	13
Forvarnir og fræðsla	13
Starfsáætlun skólans og aðrar áætlanir	14
Óveður- Almannavarnir	14
Foreldrafélag	14
Skólaráð og nemendaráð	15
Nemendavernarráð og stoðteymi	15
Áfallaráð skóla	16
Skólahjúkrunarfræðingur	16
Tengiliður farsældar	16
Gjaldskrá skólans	16
Frístund	16
Lokaorð	17

Velkomin í Waldorfskólann Sólstafi

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin í skólasamfélag Waldorfskólans Sólstafa. Skólinn er sjálfstæður skóli og sjálfseignarstofnun og var stofnaður í júní árið 1994 af einstaklingum sem höfðu áhuga á að starfa í og efla skóla á Íslandi sem starfaði eftir hugmyndafræði Rudolf Steiners.

Waldorfskólinn hefur að leiðarljósi aðferðafræði Waldorfstefnunnar. Í starfi skólans eru byggð upp námsferli sem fullnægja kröfum Aðalnámsskrár grunnskóla og nýta sér framvindu og áherslur Waldorfnámsskrárinnar. Skólinn nýtur styrkja frá Reykjavíkurborg vegna nemenda borgarinnar og frá nærliggjandi sveitarfélögum vegna nemenda þaðan. Framlagið nemur 80% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar grunnskóla á landinu.

Eitt af þróunarverkefnum skólans er að skapa sér farveg sem íslenskur grunnskóli með heildræna sýn á nám, kennslu og barnið og alhliða þroska þess sem þungamiðju skólastarfsins.

Markmið sjálfseignarstofnunar skólans er að byggja upp og reka leikskóla og grunnskóla til framtíðar í Sóltúninu, byggða á kennslu og uppeldisfræði Waldorfstefnunnar.

Gildi skólans og markmið

Grunngildi Waldorfmenntunar má draga saman í eftirfarandi þætti:

- Waldorfstefnan vinnur með innsýn frá Rudolf Steiner um þroska og þróun manneskjunnar. Waldorfmenntun stefnir að því að virkja og styrkja líkamlega, tilfinningalega, vitsmunalega, félagslega, listræna og andlega hæfileika manneskjunnar á ferð einstaklingsins í gegnum þroskaskeiðin.

- Waldorfstefnan stuðlar að þroska þannig að einstaklingar, alla ævi, séu hvattir til að starfa í samfélaginu með viljastyrk, kærleika, gagnrýnni hugsun og félagshæfni. Námsskráin er mótuð til að styrkja þessa grundvallareiginleika hjá nemendum. Kjarnaþættir námsskrárinnar eru meðal annars: samband nemanda og kennara, listræn nálgun í náminu, að vinna frá upplifun til hugmyndar, að vinna frá heild til hluta, notkun hrynjanda og endurtekningar og stöðugt mat sem grunnur að námsmati. Kennslan er sniðin að nemendum á hverju þroskastigi barnsins.

- Waldorfskólar vinna með valddreifð. Þetta starf er styrkt með því að rækta sameiginlegan skilning á félagslegum samskiptum og ábyrgð. Kennarar, starfsfólk og stjórn bera sameiginlega ábyrgð á að leiðbeina og leiða skólann á eftirfarandi hátt:
  a) Kennarar þróa nám og skólabrag undir handleiðslu fagráðs (stjórnendateymis)skólans.
  b)Fagráð og kennarateymi vinna að því að þróa og efla námsferli, námsskrá og aðra ferla.

c) Stjórn stofnunarinnar vinnur stefnumótandi að því að tryggja lagalegt og fjárhagslegt heilbrigði til að ná markmiðum og framtíðarsýn skólans.

- Stjórn skólans er skipulögð og framkvæmd á þann hátt að hún rækti samvinnu og samábyrgð og sé skilvirk.

Hægt er að draga saman markmið Waldorfmenntunar á eftirfarandi hátt:
- Að hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni.
- Að gera börnum kleift að nýta hæfileika sína.
- Að hjálpa börnum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu til framtíðar.

Skólinn leitast við að svara þörfum nemenda sem einstaklinga á þroskabraut í samfélagi sem er í stöðugri og hraðri þróun. Þar þarf menntunin og ábyrg, gagnrýnin sjálfsstjórn að fylgjast að.

Waldorfskólastefnan

Waldorfskólastefnan vinnur að því gefa nemendum sínum svigrúm til að skynja og uppplifa nýja hluti, bregðast við þeim, herma eftir og skapa nýtt.

Kennslufræði Steiners gengur út frá því að hugmyndaflug, sköpunargleði og hrynjandi séu nauðsynleg til þess að hægt sé að tileinka sér nýja þekkingu og færni.

Waldorfskólanámsskráin hefur ákveðna formgerð, þar sem kennslan er samræmd lárétt og þróuð lóðrétt. Það sem nemendur upplifa í yngri bekkjum á beinan, líflegan hátt, með því að kennarinn virkjar ímyndurnaraflið og sköpunarkraftinn í sterkri hrynjandi, er í efri bekkjum tekið upp með vísindalegri nálgun í umbreyttu formi en einnig á skapandi og gagnrýnan máta.

Einn af grunnþáttum þessarar nálgunar náms er meðvitund um hrynjanda. Hrynjandi, eða rytmi er endurtekning sem manneskjan hvílir í og getur verið eins konar undirstaða ýmissa umbreytingarferla, líffræðilegra eða þroskatengdra.

Það að byggja upp kennslustund þannig að hún byrji og endi eins, eða að eitthvað sé endurtekið frá fyrri degi til að rifja upp, ýtir undir hrynjanda.

Eitt mikilvægasta hlutverk kennarans í Waldorfskólanum er að mynda góð tengsl við nemendur og skapa umhverfi þar sem nemendur geta þroskað sína hæfileika með kennara sem fylgir þeim upp skólann og þeir þekkja og treysta.

Í bókinni Waldorf education (e. Christopher Clouder og Martin Rawson) segir: „Það sem við getum innblásið...er viðhorf til þekkingar og náms sem ýtir undir og setur í gang alvöru áhuga á hinu samfélagslega og náttúrulega umhverfi okkar, eða einskonar siðræn vistvernd.” Þessi nálgun gengur í gegnum allt starf skólans og er sjálfbærni í samfélagslegu og umhverfislegu samhengi því einn af grunnþáttum skólastarfsins.

Ennfremur gefur hið menningarlega ferli sem er samþætt hverju skólaári innan Waldorfnámsskrárinnar tilefni til margvíslegra snertiflata við grunnþætti menntunar sem snúa að læsi, lýðræði, jafnrétti og mannréttindum.

Hefðir og venjur Waldorfskólans Sólstafa

Skólaárið fylgir árstíðahrynjanda og ýmsar hátíðir sem Waldorfskólar víða um heim halda eru einnig hluti af menningu skólans. Að hausti er lífsleiknivika skólans í september og er hún mótuð í kringum Mikjálsmessu 29. september, eða Mikjálshátíð, sem er ein af stóru hátíðum Waldorfskólanna.

Á Mikjálsmessu halda Waldorfskólar víða um lönd uppskeruhátíð og tengist hún á ýmsan hátt innblæstri þess siðferðislega hugrekkis, sem goðsögnin um baráttu heilags Georgs við drekann hefur haft á mannsandann í gegnum tíðina.

Lífsleiknivikan er einnig í þessum anda, og eru allir nemendur skólans í útinámi þessa viku og taka þátt í eltingaleik þar sem þorpsbúar og drekar takast á. Síðasta dag leiksins er uppskeruhátíð og foreldrum boðið að koma, taka þátt og borða úti í hádeginu í grenndarskógi skólans í Öskjuhlíð. Er sá dagur skertur dagur og fara nemendur heim ásamt foreldrum eftir hádegismatinn.

Jólabasar skólans er haldinn í nóvember og taka foreldrar þátt í þeim degi og koma og vinna vakt á kaffihúsi basarsins og í verkefnum bekkja þann dag. Jólabasarinn er haldinn til að safna í sjóð sem er síðan nýttur til kaupa á ýmsum efnivið eða í sértök verkefni leikskólans og skólans. Foreldrar undirbúa einnig handverk fyrir basarinn á undirbúningskvöldum á haustönn.

Önnur hátíð, Marteinsmessa eða luktarhátið, fylgir í kjölfar jólabasarsins þann 11. nóvember og er það falleg hátíð þar sem nemendur búa sér til luktir úr ýmsu efni og tendra ljós sem lýsir inn í skammdegið. Farið er í luktargöngu snemma að morgni og sungið.
Inntak hátíðarinnar er jafnframt að tendra ljós í hjartanu og er hátíðin innblásin því að gera eitthvað fyrir aðra. Yngri nemendur baka og bjóða nýbakað brauð eða eru sérstaklega dugleg að hjálpa og aðstoða. Eldri nemendur taka að sér verkefni eins og að fara í söfnunarátak og hefur oft verið safnað fyrir heimilislausa, Konukot og fleiri úrræði.

Þegar aðventan byrjar er svo aðventugarður skólans þar sem nemendur koma saman að morgni í fyrstu viku desember, ganga eftir grenistíg sem er lagður á gólfið í spíralform líkt og stjörnuþoka og kveikja fyrsta aðventuljósið og hlusta á jólatónlist. Hátíðin er tilefni ýmissa hugleiðinga um aðventuljósin fjögur, hátíð ljóssins og frið í hjarta.

Síðasta dag fyrir jólafrí eru litlujól skólans. Nemendur mæta eins og venjulega að morgni en í stað kennslu er samvera bekkja ásamt bekkjarkennara og farið í leiki og sagðar jólasögur. Boðið er upp á kakó, yngri bekkir ganga í kringum jólatré og syngja og eldri nemendur fara í árlegan jóla-spurningaleik. Skóla lýkur á hádegi þennan dag.

Eftir áramótin er það öskudagur sem er mikð tilhlökkunarefni en þá koma nemendur og kennarar í búningum í skólann, kennsla er að hluta óhefðbundin og sleginn köttur úr

tunnunni, dansað og leikið fram að hádegi þegar kennslu lýkur þann dag. Dagurinn er skertur skóladagur.

Síðasta kennsludag fyrir páskafrí er páskahátíð í skólanum, nemendur skreyta egg og leggja sérstaklega á borð í matsalnum sem er skreyttur greinum og páskaföndri. Allir njóta síðan hádegisverðar saman. Foreldrafélag hefur haft umsjón með páskabingói um þetta leyti.

Sumarhátið leik- og grunnskólans er að venju haldin í lok maímánaðar, einn eftirmiðdag á lóð skólans. Þar eru foreldrafélög skólanna með ýmsar uppákomur, kaffisölu, markaði, tónlist og fleira. Nemendur æfa atriði til að sýna og margskonar leikir og skemmtanir í boði. Sumarhátíðin er fjölskyldusamvera og getur fólk komið með nesti fyrir lautarferð og haft það notalegt fram eftir degi.

Ennfremur eru bekkjarhópar oft með ýmsar uppákomur, tónleika, leikrit og sýningar yfir árið sem foreldrum er boðið á.

Hagnýtar upplýsingar

Skólinn er opinn frá kl. 8:00-14:40 og frístund skólans frá kl 8:00-8:45 að morgni og eftir skóla frá kl 14:00 (1.-2. bekkur) til 16:10 og frá 14:40-16:10 (3.-4. bekkur).

Veikindi og leyfi nemenda. Veikindi og önnur forföll nemenda skal tilkynna samdægurs að morgni til skólans. Þurfi nemandi að fá leyfi í þrjá daga eða lengur frá skóla, þarf að fylla út skriflega beiðni hjá umsjónarkennara.

Við mælum með því að leyfi á skólatíma séu höfð í lágmarki þar sem erfitt er fyrir nemendur að missa úr námi. Mörg góð frí eru innan skólaársins þar sem hægt er að skipuleggja leyfi.

Umsjónarkennari sér um að gefa nemanda (frá 3.-10. bekk) verkefni í heimavinnu sé beðið um lengra leyfi og eru foreldrar ábyrgir fyrir því að aðstoða barn sitt við hana.

Mötuneyti og nesti. Nemendur koma með hollt og gott nesti að heiman fyrir nestisstund eftir aðalkennslustundina að morgni. Í mötuneyti skólans er framreiddur heitur grænmetismatur í hádeginu og er matarhlé tvískipt fyrir yngri og eldri nemendur. Hádegisverður er gjaldfrjáls fyrir nemendur. Hressing er innifalin í verði frístundar eftir hádegið.

Allir bekkir yngsta stigs og yngra miðstigs borða ásamt bekkjarkennara sínum í hádeginu. Skólaliðar borða einnig með nemendum. Nemendur unglingastigs skipuleggja hádegishlé sitt sjálfir. Nemendur aðstoða við að ganga frá. Umsjónarmenn í bekkjum aðstoða við flokkun og endurnýtingu sorps. Nemendur eru hvattir til að koma með hollt nesti og fjölnota umbúðir fyrir nesti sitt og minnka þannig vistspor sitt í skólaumhverfinu.

Morgunsöngstund. Nemendur, kennarar og starfsfólk skólans á yngra og miðstigi taka þátt í morgunsöng við upphaf hvers skóladags og hefst hún kl 08:50. Kennarar bekkja heilsa nemendum sínum, hverjum og einum, við upphaf skóladagsins.

Skólagjald og gjald frístundar er birt á heimasíðu skólans undir: https://waldorf.is/skolagjold/

Starfsáætlun skólans er birt ár hvert á heimasíðu skólans með ítarlegum upplýsingum um skólastarfið: https://waldorf.is/starfsaaetlun/
Skólanámsskrá er einnig á heimasíðu skólans: https://waldorf.is/skolanamskra/

Skólabragur

Í skólasamfélagi Waldorskólans eru góð tengsl, jákvæð samskipti, virðing og umburðarlyndi sá grundvöllur sem við viljum að einkenni skólabraginn okkar. Bekkjarkennarar, sem oft fylgja nemendum sínum upp allan grunnskólann, fyrst sem bekkjarkennarar og síðan frá 8. bekk sem umsjónarkennarar, kynnast nemendum vel á þeirri vegferð og geta þar af leiðandi unnið á einstakan hátt til að efla og styrkja hvern einstakling og foreldra í samstarfi, námi og velferð í skólanum.

Skólabragur í samfélagi Sólstafa byggir á sameiginlegri skuldbindingu um að hlúa að líkamlegum, tilfinningalegum og andlegum þroska hvers barns. Leiðin að því takmarki byggist á nánu samstarfi kennara, foreldra og nemenda við að skapa hlýlegt, yfirvegað og markvisst umhverfi.

Waldorf- skólastefnan er okkar leiðarljós að góðu skólasamfélagi þar sem kærleiksrík samvinna, kennsla og foreldrasamstarf stuðlar að jákvæðum skólabrag þar sem nemendum og starfsfólki líður vel í erli dagsins.

Skólasókn

Ætlast er til þess að nemendur mæti tímanlega í skólann á morgnana þannig að þeir séu vel úthvíldir, hafi borðað morgunverð og séu tilbúnir að hefja skóladaginn kl. 08:45. Afar mikilvægt er fyrir nemendur að koma ekki seint í aðalkennslustund að morgni og missa ekki af upplýsingum og innlögn á efni sem verið er að vinna með.

Skólinn fer eftir sömu verklagsreglum um skólasókn og grunnskólar Reykjavíkur og má sjá þær hér á heimasíðu skólans: https://waldorf.is/skolareglur/

Ávallt þarf að láta vita að morgni til umsjónarkennara ef barn er veikt eða þarf frí og biðja viðkomandi bekkjarkennara um leyfi fyrir fjarvist. Sé barn ekki mætt er aðalkennslustund lýkur og ekki hefur verið tilkynnt fjarvist, hefur kennari samband heim og athugar með ástæður fjarveru.

Skóladagatal

Skóladagatal skólans er birt á heimasíðu skólans. Skóladagatal næsta skólaárs er birt í apríl með fyrirvara. https://waldorf.is/skoladagatal-2/
Ennfremur er dagskrá skólaársins sett fram að hausti með öllum hátíðum og sérdögum yfir veturinn: https://waldorf.is/dagskra-skolaarsins-2026-27/

Samskipti heimilis og skóla

Foreldraviðtöl eru tvisvar á vetri. Að auki geta foreldrar beðið um viðtöl við kennara eftir þörfum. Almennir foreldrafundir eru að hausti og í janúar þar sem námstilhögun og starf skólans er kynnt og kennsluáætlun annarinnar og starf bekkjarins kynnt foreldrum. Kennsluáætlanir bekkja eru birtar á heimasíðu: https://waldorf.is/kennsluaaetlanir/

Bekkja- og umsjónarkennarar eru ávallt reiðubúnir að upplýsa foreldra um nám og starf nemenda og er hægt að hafa samband á vinnutíma og með tölvupósti til umsjónarkennara.

Skólinn sendir almennar tilkynningar og upplýsingar varðandi skólastarfið til foreldra frá netfanginu: fjolpostur@waldorf.is. Mælt er með því að fyrirspurnum/svörum varðandi fjölpóstsendingar sé beint til bekkjarkennara eða á aðalnetfang skólans: solstafir@waldorf.is en ekki á fjölpósthólfið. Skólinn er ennfremur með fréttasíðu á heimasíðu sinni https://waldorf.is/category/waldorf-frettir/ og Facebook og Instagram síður.

Bekkjar- og umsjónarkennarar eru aðaltengiliðir foreldra varðandi það sem viðkemur skólastarfinu fyrir sinn nemendahóp og eru þeir með sín vinnunetföng á waldorf.is. Fyrirspurnum til stjórnendateymis skólans má senda á netföng þeirra: sigurbjorg@waldorf.is og vigdis@waldorf.is

Skólareglur og viðurlög

Skólareglur eru birtar á heimasíðu: https://waldorf.is/skolareglur/
Skólareglur eru yfirfarnar árlega að vori og uppfærðar ef þörf þykir.
Viðurlög við hegðunarbrotum og brotum á skólareglum auk aðgerðaráætlunar eru birt í starfsáætlun skólans á bls 19 og 20.

Leitað er leiða til að leysa þau hegðunar-, eineltis- og samskiptavandamál er upp koma innan skólans með **forvörnum,sáttaferli, viðtölum og eftirfylgni**. Einnig er fylgt forvarnarferli til að skaðaminnka og koma í veg fyrir ofbeldishegðun. Skólinn hefur m.a. aðgang að sérfræðingum Skóla og frístundasviðs í þessarri vinnu.

Hver bekkur setur sér bekkjarsáttmála varðandi samskipti, umgengni og nám. Bekkjarfundir eru einnig verkfæri til að ræða saman og leysa vandamál. Skólareglur eru sýnilegar í stofum á mið og efsta stigi.

Við ítrekuð hegðunarbrot og brot á skólareglum er leitað samvinnu forráðamanna og fagaðila. Gerð er áætlun um hvernig bregðast skuli við og unnið lausnamiðað til að styðja nemandann í bættu atferli. Skólastjórnendur bera ábyrgð á því ferli og er unnið eftir þeim verklagsreglum sem menntayfirvöld hafa kynnt skólastjórnendum.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/verklagsreglur_2012_breytingar_2015.pdf

Skjámenning

Waldorfstefnan er heildræn skólastefna sem miðar að því að vernda barnið og þroskaferli þess á sem bestan máta.

Samkvæmt þessari stefnu er besti upphafspunkturinn fyrir þroskandi nám samskipti við annað fólk og við áþreifanlegan veruleika.
Í Waldorfskólanum takast nemendur á við raunveruleg verkefni í náminu eins og t.d.: teikna, mála, smíða, prjóna, sauma, klifra, mæla, þvo og baka. – Gróf- og fínhreyfingar koma ekki af sjálfu sér, tilfinningastjórnun, leikni, sjálfstæði og öryggi eru eiginleikar sem eru byggðir upp dag eftir dag.
Taugkerfi barna eru viðkvæm og þurfa umhverfi sem styður heilbrigði þeirra.
Við notum hendur, hjarta og huga til að skynja heiminn. Við teljum að þannig sköpum við örugga einstaklinga með tengingu við náttúru, umheiminn og annað fólk og heildræna færni og þekkingu.

Vegna þessara áherslna skólastefnunnar eru tölvur og snjalltæki ekki notuð í náminu fyrr en á efra miðstigi og unglingastigi skólans og er nálgunin þar eins fjölbreytt og skapandi og völ er á.
Skólinn leitast þannig við að takmarka þessa miðla og það áreiti og streitu sem fylgir þeim, yfir skóladaginn og hvetur einnig foreldra, bekkjarhópa og fjölskyldur skólans til að skoða sína eigin skjámenningu heimavið og huga að stafrænni heilsuvernd.

Á Heilsuveru má finna leiðbeiningar varðandi skjánotkun barna út frá aldri og þroska: https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/throski-og-uppeldi-barna/skjarinn-og-bornin/

Snjalltæki og símar

Lög hafa verið sett á Íslandi um símafrí í grunnskólum.

Nemendur á yngsta stigi (1.-4. bekkur) eru ekki með snjalltæki með sér í skólanum ef þess er nokkur kostur. Foreldrar geta samið við kennara um geymslu símtækis.
Nemendur á mið og unglingastigi afhenda snjalltæki að morgni í örugga geymslu í heimastofu. Nemendur á efra mið- og unglingastigi hafa aðgang að spjaldtölvum í náminu og skila þeim í lok tíma.

Móttökuáætlun nýrrra nemenda

Móttökuáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans: https://waldorf.is/mottokuaaetlun

Kennsluáætlanir, námsmat og lokamat

Kennsluáætlanir skólaársins eru birtar á vefsíðu skólans https://waldorf.is/kennsluaaetlanir/. Ennfremur senda bekkjarkennarar áætlanir heim í upphafi lota. Bekkjarkennarar senda foreldrum reglulega fréttir og upplýsingar um bekkjarstarfið.

Waldorfskólinn hefur frá upphafi lagt mat á framfarir nemenda með margvíslegum hætti. Kennarar vinna sameiginlega að námsmati í annarlok og fara yfir námsframvindu hvers nemanda samkvæmt matsgögnum og viðmiðum áður en vitnisburðir eru skrifaðir. Í skólanum eru ekki tekin próf, en kannanir eru lagðar fyrir í efstu bekkjum skólans í námsgreinum til að

geta betur metið lokastöðu auk þess sem matsferilspróf eru lögð fyrir í fjórða, sjötta og níunda bekk. Heimanámi er stillt í hóf en eykst á unglingastigi.

Símat á vinnu nemenda er einn af grunnþáttum Waldorfskólastefnunnar og fylgjast kennarar stöðugt með framförum, áhuga, samvinnu og vinnubrögðum hjá nemendum. Við lok skólaársins er hverjum nemanda afhentur skriflegur vitnisburður. Umsjónarkennari vinnur vitnisburð sem hæfir aldri og þroska nemandans og fagkennarar semja einnig vitnisburð fyrir hvern og einn, þannig að hver nemandi fær lítið hefti eftir veturinn þar sem fram kemur jákvæð og uppbyggjandi gagnrýni og sýn á vinnu og framfarir í náminu.

Vinna nemenda og hæfni þeirra er metin eftir hverja törn og jafnt og þétt yfir skólaárið. Við lok skólagöngu, í 10.bekk, fá nemendur lokaeinkunnir samkvæmt viðurkenndum matskvarða sem notaður er um brautskráningu nemenda úr íslenskum grunnskóla. Útskriftarnemar vinna einnig sérstakt lokaverkefni á vorönn í 10.bekk sem þeir kynna og sýna við útskrift.

Umsjónarkennari unglingastigs og fagkennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að veita elstu nemendum sem besta leiðsögn við lok skólagöngunnar og við upphaf náms á fyrsta eða öðru hæfniþrepi framhaldsskóla. Nemendur hafa einnig aðgang að námsráðgjöf óski þeir þess.

Nemendur á unglingastigi geta tekið einn til tvo áfanga á önn á framhaldsskólastigi í fjarnámi, sé mat umsjónarkennara að viðkomandi sé tilbúinn til þess.

Bekkjarstarf

Bekkjarkennari kennir ávallt í aðalkennslustund í yngri bekkjum en fagkennarar skiptast á að kenna á unglingastigi. Á venjulegum skóladegi er námsþáttum skipað þannig að aðalnámsefni eru kennd í lotum yfir skólaárið og eru þau í 4-5 vikna törnum hjá yngra stigi en 2-4 vikna lotum hjá eldri nemendum. Þessar lotur fara fram í aðalkennslustund að morgni.
Afar mikilvægt er að nemendur mæti tímanlega í þessar kennslustundir að morgni. Nemandi sem kemur oft seint, þó ekki muni nema 15- 20 mínútum, missir af samsöng, sameiginlegri stund, umræðum og fréttatíma og upprifjun/innlögn á efni.
Það er afar erfitt fyrir barnið að missa ítrekað af upphafi kennslu og ýtir undir aukna erfiðleika, bæði náms- og félagslega. Við biðjum því foreldra að sjá til þess að barnið mæti ávallt tímanlega í skólann.

Aðalkennslustund er frá kl. 8:45-10.30 hjá yngra stigi upp að 5. bekk en 10-15 mínútum lengri hjá 5-10.bekk. Þetta fyrirkomulag gerir kleift að vinna með námsefni á margvíslegan hátt yfir tímabil og fara dýpra í efnið en annars.

Þættir eins og frásögn, minni og upprifjun eru nýtt meðvitað og skapandi vinna nemenda er tengd þeirri hrynjandi sem fæst með því að taka efni frá fyrri degi og vinna myndrænt með það inn í eigin vinnubók. Styttri kennslustundir eru síðan fram að hádegi þar sem æfingatímum í grunnfögum er komið fyrir og öðrum námsgreinum, sem ekki eru kenndar í aðalkennslustundum, eins og lífsleikni, íþróttum, sundi o.fl.

Tvöföldum handverkstímum er komið fyrir eftir hádegi, þrisvar í viku, hjá öllum aldursstigum. Handverkið er einnig kennt í törnum yfir skólaárið og yfirleitt í 4 vikur í senn.

Sú vinna er oft tengd því efni sem verið er að vinna með í aðalkennslustund eða því þema sem aldursstigið hvílir í.

Nemendur fá einstaklega mikla og fjölbreytta handverks og listgreinakennslu í gegnum skólagönguna og er handverk og skapandi vinna meðal grunnstoða skólastefnunnar.

Samkennsla

Fámennir skólar hafa alla tíð notað samkennslu þegar á þarf að halda. Annað hvort í einstaka námsgreinum eða í heilum bekkjardeildum.

Litlir Waldorfskólar hafa notfært sér samkennslu í tveimur eða fleiri árgöngum saman með góðum árangri. Waldorfskólinn Sólstafir hefur notað samkennslu árganga með góðum árangri frá fyrsta starfsári skólans.

Í samkennslu er aukin áhersla lögð á einstaklinginn og hans þarfir. Kennarinn þarf að geta sinnt hverjum og einum vel og hafa góða yfirsýn yfir stöðu hvers nemanda. Í samkennsluhópum eru nemendur á mismunandi aldri og verður kennarinn að taka tillit til þess þroskamunar sem er á þeim.

Í okkar samfélagi eru gerðar kröfur um að nemendur geti beitt sjálfstæðum vinnubrögðum, geti dregið sjálfstæðar ályktanir og séu færir í mannlegum samskiptum. Samkennsluformið gerir kröfur til nemenda um sjálfstæð vinnubrögð, tillitssemi við yngri/eldri félaga og býður upp á sveigjanleika í kennsluháttum.

Stór kostur í kennslunni er að kennarinn getur tekið mið af þroska hvers og eins nemanda í stað árgangs. Samkennsluformið hentar vel í litlum skólum og býður upp á ýmsa möguleika sem eru í takt við nútíma þjóðfélag og kennsluhætti.

Útinám

Í Waldorfskólastarfinu er lögð mikil áhersla á fjölbreytt form náms og upplifunar utandyra, svo sem vísindalegar athuganir, umhverfisverkefni, búskap og garðrækt, vettvangsferðir og frjálsan leik.

Hér eru nokkur dæmi um hvernig nám utandyra er fléttað inn í námskrána:

Vikulegar vettvangsferðir yngri bekkja, garðrækt, drekaleikur í grenndarskógi skólans í september, skógardagar/þemadagar að vori, myndmennt með áherslu á náttúruskoðun, náttúrufræðiathuganir, eðlis- og efnafræðitilraunir, útileikir og fjallgöngur/skólaferðir, hestanámskeið og hestaferð í 7. bekk. Allt þetta stuðlar að heilbrigðum, líkamlegum, tilfinningalegum, félagslegum og vitsmunalegum þroska.
Sem dæmi um kennslu í útinámi má t.d. nefna:

Í þriðja bekk leggja náttúrusögur, ásamt upplifun og athugunum utandyra, grunninn að vísindalegu náttúrufræðinámi í eldri bekkjum.

Í fjórða bekk eru hagnýt verkefni – svo sem garðrækt, berjatínsla og sultugerð, gerð híbýla úr náttúruefnum, og mælingar – hluti af námskránni.

Í sjötta bekk gefur nám í grasafræði fjölmörg tækifæri til að skoða náttúruna á meðan nemendur læra um plöntur. Þeir rannsaka mótandi þætti plantna og leggja áherslu á umbreytingarferlið og síbreytileg form róta, stöngla, blaða og bikarblaða, sem að lokum skila sér í blómum og ávöxtum.

Í sjöunda bekk fá nemendur að kynnast íslenska hestinum,læra undirstöðuatriði í reiðmennsku og fara í stutta ferð ásamt reyndum kennurum í hestaíþróttinni. Þessi upplifun er einstakt tækifæri til að tengjast hestinum og íslenskri náttúru. Í jarðfræði er síðan eldvirkni, hraun og jarðhiti Íslands skoðuð í skólaferðum.

Dagleg dvöl í náttúrunni, hvort sem það er við frjálsan leik og samveru útivið eða í ýmsum verkefnum í útináminu, styður við heilbrigðan þroska barna á mörgum sviðum.

Ein af grunnstoðum skólastefnunnar er að gefa nemendum kost á því að tengjast náttúrunni af virðingu og kærleika á eins fjölbreyttan máta og hægt er.

Grænmetiseldhús skólans

Waldorfskólar víða um heim bjóða upp á lífrænt grænmetisfæði. Það gerir Waldorfskólinn Sólstafir einnig og er í hádeginu boðið upp á einfaldan heitan rétt sem er eldaður á staðnum. Auk þess er borið fram litríkt salat og brauð sem er bakað í skólaeldhúsinu vikulega. Leitast er við að nota lífrænt hráefni eins og kostur er og einnig íslenskt hráefni. Frístund skólans fær einnig síðdegishressingu frá skólaeldhúsinu, ávexti, grænmeti og brauð með viðbiti.

Hádegisverður er gjaldfrjáls fyrir nemendur skólans en tekið er gjald fyrir hressinguna í frístund.

Hér er slóð á hádegismatseðil skólans: https://waldorf.is/hadegismatsedill/

Frímínútur

Útifrímínútur eru fyrir alla nemendur frá 1.-7. bekk tvisvar yfir skóladaginn. Unglingastig skólans má velja að vera inni eða fara út en eru einnig hvött til útivistar. Fyrri frímínútur eru kl. 10.30 og 10.40-45 til 11:00 og seinni frímínútur eru í hádegi eftir matartíma, frá 12.30 til 13.10. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru með frímínútnagæslu. Kennarar í síðasta tíma dags fylgja nemendum 1.- 4. bekkjar inn í frístundina og sjá til þess að nemendur fari rólega og skipulega þangað. Skólinn er oft með vinaliðaverkefni í gangi í frímínútum.

Kennarar yngri bekkja snæða með hópnum sínum í hádeginu og einnig borða stuðningsfulltrúar og skólaliðar með nemendum í hádeginu. Starfsmenn eldhúss skammta mat og eru einnig til aðstoðar í matsal.

Sund, leikir og íþróttir

Markmið íþrótta og hreyfifærni náms innan Waldorfskólans er að styðja alhliða þroska barnsins andlega, líkamlega og félagslega í gegnum miðil hreyfingarinnar.

Íþróttanám og hreyfing nemenda skiptist í eftirfarandi þætti:
1. Skipulagða leiki og hreyfingu skv. aldri og þroska í aðalkennslustund á hverjum morgni.
2. Tvo tíma í hreyfingu á viku í hópíþróttum, leikjum og þjálfun ásamt kennara.
3. Einn tími í sundi á viku ásamt sundkennara. Hrynlist/dans er kennd í lotum þegar tækifæri gefst.

Á yngra stigi hafa hringleikir og eltingaleikir, samhæfingar- og jafnvægisleikir mest vægi í líkamlegri þjálfun. Á miðstigi koma inn boltaíþróttir, hópleikir og æfingar í ólympíugreinum frjálsra íþrótta og er einnig unnið með samvinnu. Á unglingastigi er ýmsum keppnisíþróttum gefið meira vægi auk þess sem nemendur vinna með þol og styrktaræfingar.

Nemendur skólans sækja sundkennslu í Laugardalslaug og eru tímar einu sinni í viku hjá hverju stigi skólans, annaðhvort á haust eða vorönn.
Skólinn hefur boðið gestakennurum að koma með jöfnu millibili og kenna lotur í hrynlist sem er dans og hreyfilist þróuð af Rudolf Steiner ásamt dönsurum. Hrynlist er kennd í flestum Waldorfskólum, samhliða annari hreyfingu og íþróttum.

Námsgögn

Skólinn leitast við að nota námsgögn og hráefni sem er gæðavara og sér nemendum fyrir efni og áhöldum að miklu leyti. Yngri nemendur fá allt efni og skriffæri í skólanum að undanskildum trélitum sem þau kaupa af skólanum.

Allar vinnubækur, efni og áhöld fyrir handverks- og listgreinakennslu eru nemendum að kostnaðarlausu. Hluti ágóða jólabasars skólans fer í kostnað efniviðs fyrir þessar greinar.

Náms- og æfingabækur sem skólinn styðst við eru frá skólaþjónustu A4 eins og annarra grunnskóla.

Forvarnir og fræðsla

Skólinn starfar eftir þeim markmiðum í forvörnum að allir kennarar og starfsfólk taka skýra afstöðu gegn allri vímuefnaneyslu barna á grunnskólaaldri og láta hana í ljós.
Bekkjarkennarar og fagkennarar starfa ásamt skólahjúkrunarfræðingi að fjölbreyttum forvörnum gegn vímuefnum og kynferðislegu ofbeldi og forvarnarteymi gerir ennfremur áætlun fyrir skipulagt forvarnarstarf í bekkjum á hverju skólaári.
Forvarnaráætlunin er unnin árlega fyrir vorönn og fræðslu/fyrilestrum og námi dreift á önnina hjá öllum bekkjum.

Waldorfnámsskráin og kennsluaðferðir sem notaðar eru innan skólastefnunnar ýta ennfremur undir jafnvægi þeirra þátta sem stuðlað geta að margvíslegu heilbrigði eins og til dæmis minni snjalltækjanotkun og meiri hreyfing og útinám.

Rannsóknir á nemendum sem útskrifast úr Waldorfskólum bendir til þess að öll skólanámsskráin eins og hún er byggð upp og útfærð í kennslu, styðji við samfélags- og tilfinningaþroska nemenda í gegnum grunnskólann, hefur forvarnalegt og læknandi gildi og felur jafnframt í sér margar þær áherslur sem lífsleiknikennslu er ætlað að styðja við.

Starfsáætlun skólans og aðrar áætlanir

Starfsáætlun skólans er birt á heimasíðu í október: https://waldorf.is/starfsaaetlun/

Óveður- Almannavarnir

Steðji hætta að skólanum vegna utanaðkomandi þátta, svo sem náttúruhamfara, öskufalls eða óveðurs er unnið skv. viðbragðsáætlun Almannavarna sem er að finna á heimsíðu Almannavarna.

Áfallaráð fer umsjón framkvæmdaráætlunar komi til notkunar hennar í skólanum. Gefin hefur verið út leiðbeinandi áætlun af hálfu Almannavarna og Slökkviliðs Reykjavíkurborgar um viðbrögð forráðamanna skólabarna vegna óveðurs.

Viðbúnaðarstig 1 er eftirfarandi: Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og nemenda við að komast til skóla. Foreldrar fylgi börnum í skólann.
Viðbúnaðarstig 2 er eftirfarandi: Skólahald fellur niður. (Hér gæti verið átt við yngri nemendur eingöngu.) Falli skólahald niður er það auglýst af skólayfirvöldum borgarinnar.

Í mjög slæmu veðri (appelsínugul viðvörun) er forráðamönnum frjálst að halda börnum sínum heima og afla sér upplýsinga á heimasíðu skólans. Fjarvistina þarf þá að tilkynna strax að morgni skóladagsins. Skólinn sendir fjölpóst með upplýsingum til foreldra.

Foreldrafélag

Allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Waldorfskólanum Sólstöfum eru félagar í foreldrafélagi skólans. Hlutverk foreldra í starfi skólans er afar mikilvægt og er stefna skólans sú að litið sé á að þeir sem senda börn sín í skólann vilji leggja sitt af mörkum innan skólasamfélagsins til þess að styðja við skólastarfið.
Stjórn foreldrafélagsins heldur kynningarfund að hausti til að kynna starfsemina og bjóða nýja foreldra velkomna. Aðalfundur foreldrafélags er haldinn ár hvert að vori og er boðað til hans með lögboðnum fyrirvara. Tengiliður við foreldrafélagið er kosinn úr hópi kennara.

Að öllu jöfnu skipuleggur stjórn félagsins verkefnalista fyrir hvora önn í upphafi annar og heldur fund ásamt fulltrúum skólans til að skipuleggja starfið. Ákveðinn eru einn vinnudagur foreldra á haustönn og á vorönn þar sem unnið er að viðhalds og fegrunarverkefnum utandyra sem innan.
Foreldrafélagið sinnir einnig undirbúningi og er með kaffisölu á jólabasar Sólstafa sem er haldinn í byrjun nóvember. Á basarnum er selt handverk sem unnið er að mestu á vinnukvöldum í skólanum sem foreldrafélagið auglýsir og heldur ásamt kennarahóp skólans og öðru starfsfólki.

Ennfremur getur foreldrafélagið skipulagt alls kyns skemmtanir og hátíðahöld fyrir skólann yfir skólaárið, páskahátíð og eggjaleit, myndlistasýning og sala,fatamarkaður, útimarkaður, súpukvöld, og undirbúningur sumarhátíðar Sólstafa ásamt leikskólanum eru viðburðir sem félagið hefur til dæmis unnið að.

Félagið hefur einnig staðið að því að fá fræðslu og forvarnarfyrirlestra fyrir foreldra. Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða. Hér getur þú nálgast sem pdf skjal. Handbók foreldrafélaga grunnskóla https://uploads-ssl.webflow.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1674da7b2b35e322eb64_HS_Handb%C3%B3k_grunnsk%C3%B3la-sept-15-1.pdf

Foreldrafélagið er mikilvægur stuðningur við skólastarf Sólstafa og er uppbyggilegt og gott samstarf við foreldra einn af máttarstólpum starfsins.

Skólaráð og nemendaráð

Skólaráð fylgist með almennri velferð nemenda, öryggi og aðbúnaði í skóla. Áætlanir og breytingar í skólastarfi eru einnig bornar undir skólaráð. Skólaráð fundar að jafnaði tvisvar á önn en boða má til aukafunda sé þess þörf. Skólastjórnarteymi boðar til funda. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu. Þrír foreldrar sitja að jafnaði í skólaráði og er einn þeirra formaður foreldrafélags.

Kosið er í nemendaráð nemendafélags skólans sem vinnur að félags-, hagsmuna og velferðarmálum nemenda.

Í nemendaráði sitja nemendur 5-10.bekkjar og er kosið í ráðið að hausti. Umsjónarkennari á unglingastigi er til aðstoðar nemendaráði í starfi og er tengiliður við kennara og starfsfólk skóla.

Tveir elstu nemendur unglingadeildar sem eru í nemendaráði sitja jafnframt fyrir hönd nemenda í skólaráði skólans. Hefðir í starfi nemendaráðs er m.a. að aðstoða við skipulagningu ýmissa nemendaskemmtana yfir skólaárið og auk þess hefur nemendaráð einnig tekið þátt í að skipuleggja vinaliðaverkefni í skólanum reglulega. Ennfremur lætur nemendaráð sig félagslíf og góð samskipti nemenda varða auk þess að sjá um að fyrirspurnir nemenda fái áheyrn kennarafunda. Nemendaráð gera einnig ýmsar kannanir meðal nemenda um ýmis málefni er varða skólastarfið,t.d: félagslíf, aðstöðu, útisvæði, umgengni, matseðil og samskipti.

Nemendaverndarráð og stoðteymi

Nemendaverndarráð skólans starfar skv. reglugerð um nemendaverndarráð grunnskóla og fundar á sex vikna fresti. Í nemendaverndarráði sitja deildarstjóri sérkennslu, tengiliður farsældar, stjórnendateymi skólans, skólahjúkrunarfræðingur og aðili frá skóla og frístundasviði.

Meginhlutverk nemendaverndarráðs er að gæta hagsmuna barna í skólanum. Nánari upplýsingar er að finna í starfsáætlun skólans. https://waldorf.is/starfsaaetlun/

Sérkennsla í skólanum fer fram á þrennan máta. Í fyrsta lagi í kennslustundum þar sem sérkennari tekur einn eða fleiri nemendur og aðstoðar þá einstaklingsbundið. Í öðru lagi með stuðningsaðila inni í kennslustund þar sem nemandinn er studdur til sjálfsnáms í hópnum og í þriðja lagi með aukinni athygli kennara vegna smæðar nemendahópa.
Sérkennsla í Waldorfskólanum er einstaklingsmiðuð og lagar sig að þörfum viðkomandi nemanda. Kennslunni er hagað á heildrænan máta og í samræmi við aðferðafræði skólans. Listmeðferð og félagsmótun eru hluti af sérkennsluúrræðum ef þurfa þykir auk þess sem unnið er með grunnfög eins og lestur, reikning eða annað sem styður námsferil viðkomandi nemanda. Listmeðferð (Art therapy) er nemendum að kostnaðarlausu.

Áfallaráð skóla

Áfallaráð skólans er skipað sömu aðilum innan skólans og sitja í nemendaverndarráði hverju sinni. Áfallaáætlun er uppfærð og yfirfarin reglulega og birt á heimasíðu.
https://waldorf.is/afallaaaetlun/

Skólahjúkrunarfræðingur

Almenn heilsugæsla skólans og starf skólahjúkrunarfræðings er í umsjá heilsugæslunnar í Hlíðum. Nemendur hafa alltaf aðgang að skólahjúkrunarfræðingi til viðtals. Hjúkrunarfræðingur framkvæmir reglubundið eftirlit og sinnir heilsufarsskoðunum nemenda. Hann sér einnig um ýmsa forvarnarfræðslu í bekkjum og önnur heilsutengd erindi sem snúa að hverju aldursskeiði. Áfallaáætlun er aðgengileg á heimasíðu.

Tengiliður farsældar

Tengiliður farsældar er deildarstjóri sérkennslu, Lilianne von Vorstenbosch.

Gjaldskrá skólans

Gjaldskrá skólans og frístundar er birt á heimasíðu: https://waldorf.is/skolagjold/

Frístund

Skólinn býður upp á frístund fyrir 1.-4. bekk. Frístund er frá kl. 8:00 að morgni og þar til kennsla hefst 8:45 og frá lokum kennslu yngra stigs til kl.16:10.

Gjald er tekið fyrir frístundina og hressingu síðdegis.

Skólinn nýtir skólastofur og miðrými á neðri hæð skólans fyrir frístundina eftir að kennslu lýkur og ennfremur útisvæði.

Nemendur fá hressingu síðdegis, sem er brauð og álegg, ávextir/grænmeti og vatn eða safa.

Starfsáætlun frístundar skólans er aðgengileg á heimasíðu: https://waldorf.is/wp-content/uploads/2025/10/starfsaaetlun-fristund-2025-26.pdf
Netfang frístundar er: fristund@waldorf.is og símanr. frístundar er: 6263994

Lokaorð

Waldorfskólinn Sólstafir er sjálfstætt skólasamfélag sem eflist af öllum þeim stuðningi, natni og virkum tíma sem foreldrar veita inn í skólann. Framlag foreldra og góð og uppbyggileg samvinna er ómetanleg fyrir starfið.

Það er mikilvægt fyrir barnið að skóli og heimili vinni saman í farsæld og jákvæðni, þannig að barnið upplifi velvild og finni fyrir öryggi.

Skólinn óskar þess að foreldrar kynni sér stefnu skólans og jafnframt því taki góðan þátt í foreldrastarfi innan bekkja, árstíðabundnum hátíðum skólans, fyrirlestrum, basar, vinnudögum o.s.frv.

Skólasamfélag sem býr að áhuga, samstarfi og samheldni allra sem að því koma styrkir stoðir starfsins og skilar sér margfalt til nemenda.

